

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 4. júní 2019  
UST201905-163/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Snjallsteinshöfði - Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir þrjár lóðir í landi Snjallsteinshöfða í Rangárþing ytra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 37,75 ha lands, Snjallsteinshöfði 1c og hefur landinu verið skipt upp í þrjár lóðir. Í greinargerð kemur einnig fram að heimilt er að byggja á hverri lóð allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhús, 500 m<sup>2</sup> geymslu og fimm allt að 100 m<sup>2</sup> gestahús.

Auk þess kemur fram í greinargerð að landið sem hér um ræðir séu ræktuð tún og ekki er talið að tillagan hafi neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur